

Mál Viðmiðunarstundaskrá grunnskóla - tillaga að breytingu
Mál nr. 160/2020 Birt: 26.08.2020 Síðast uppfært: 24.09.2020

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Annað
- Málefnasvið:
- Leikskólar, grunnskólar, starfsnám og stjórnsýsla mennta- og menningarmála

slóð:

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2749&uid=10d18532-27e9-ea11-9b99-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2749&uid=10d18532-27e9-ea11-9b99-005056bcce7e)

Umsögn HÍN

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN) fagnar því að menntamálaráðherra skuli boða það að auknum tíma eigi að verja í kennslu náttúrufræðigreina á unglingsstigi. Hlutur þessara greina hefur verið bágur og mun minni en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Enginn getur dregið í efa mikilvægi þess að nemendur öðlist góðan skilning á lögmálum og ferlum náttúrunnar. Útinám er afar mikilvægt í því samhengi auk þess sem það skapar jákvæðar tilfinningar gagnvart náminu og eykur virðingu nemenda fyrir bæði lífverum og landinu. Verklegt nám er afar mikilvægt til að þessi markmið náist og slík kennsla tekur tíma. Þess vegna er áriðandi að auka við þann tíma sem er ætlaður náttúrufræðunum. Nú á tímum er undirstöðu þekking í vistfræði og skilningur á því að lífið á jörðinni sé allt samofið og tengt loftslagi, veðurfari, landslagi, jarðvegi o.fl. lykilatriði til að menntun til sjálfbærni aukist.

Ráðherra boðar einnig átak í að efla sí- og endurmenntun meðal kennara til að þeir verði betur undirbúnir til að takast á við þetta verkefni. Því fögnum við. Það hefur lengi verið skortur á menntuðum kennurum á þessu sviði en vonandi breytist það í náinni framtíð. HÍN hefur lengi staðið fyrir ýmskonar fræðsluviðburðum og ferðum út í náttúruna auk þess sem félagið stendur fyrir útgáfu tímaritsins *Náttúrufræðingurinn* ásamt Náttúruminjasafni Íslands. Um er að ræða alþýðlegt fræðslurit þar sem birtar eru vandaðar greinar um náttúrufræði, fræðilegs eðlis í bland við almennan fróðleik. Margar greinar í ritinu fjalla um rannsóknaniðurstöður á íslenskri náttúru sem eru hvergi birtar annars staðar. Námsmenn og kennarar á ýmsum skólastigum eru að jafnaði meðal virkustu lesenda blaðsins og nýta gjarnan efni þess í námi og starfi. Í bígerð er að efla starfsemi okkar á samfélagsmiðlum og ná þannig betur til yngri kynslóðarinnar. Það er ómetanlegt að verða var við vilja stjórnvalda að efla hlut náttúrufræðanna í grunnskólum landsins.